

Ed.

371. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta um stjórn fiskveiða á næstu árum tekur til viðamikilla þátta sem snerta daglegt líf og afkomu allra Íslendinga.

Auðlindirnar í hafinu umhverfis landið eru sameign allrar þjóðarinnar. Það er því ljóst að taka verður tillit til margra sjónarmiða þegar tekin er ákvörðun um svo veigamikil mál sem skipulag og stjórn á nýtingu þessarar dýrmætu auðlindar er. Síðast en ekki síst verður að líta til framtíðar, að hugsa til komandi kynslóða með því að taka aðeins vextina af auðlindinni en láta höfuðstólinn ósnertan.

Sú fiskveiðistjórn, sem hefur verið við lýði undanfarin fjögur ár, hefur ekki skilað tilætluðum árangri.

Heildarþörskafla hefur á hverju ári farið langt fram úr því hámarki sem fiskifræðingar hafa lagt til.

Fiskiskipum hefur fjölgað og ný skip eru í flestum tilvikum stærri en þau sem úrelt eru. Sjávarafllinn er ekki nógu vel nýttur og miklu af nýtilegu hráefni er kastað á glæ.

Kjör starfsfólks í sjávarútvegi eru óviðunandi.

Einstaklingar hafa hagnast um hundruð milljóna á sölu kvóta sem þeir fengu úthlutað gefins, en um leið horfa íbúar ýmissa byggðarlaga oft á eftir einu atvinnu sinni án þess að fá rönd við reist.

Í ljósi þessa er augljóst að leita þarf nýrra leiða sem samrýmast betur þeim markmiðum sem stefnt er að með stjórn fiskveiða.

Í stefnuýfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir endurskoðun á fiskveiðistefnunni, m.a. með það fyrir augum að athuga hvort veiðiheimildir skulu eingöngu bundnar við skip og á hvern hátt megi taka meira tillit til byggðasjónarmiða (bls. 8 og 9 í stefnuýfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar).

Þessir tveir þættir hafa að mati 2. minni hl. alls ekki fengið þá umfjöllun sem nauðsynleg hefði verið og frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á þeim.

Reynslan sýnir að sú skipan að binda veiðiheimildir við skip í eigu einstaklinga eða útgerðarfélaganna hefur valdið straumhvörfum í atvinnulífi margra byggðarlaga og jafnvel haft í för með sér mikla byggðaröskun.

Í 1. gr. frumvarpsins segir:

„Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign þjóðarinnar.“

Í stefnuskrá Kvinnalistsins segir svo:

„Lífriki hafsins er ein dýrmætasta auðlindin sem við Íslendingar höfum aðgang að. Þessa auðlind, sem er eign allrar þjóðarinnar, verðum við að umgangast þannig að ekki sé hætta á ofnýtingu.“

Kvinnalistinn getur því vel tekið undir þá stefnumarkandi yfirlýsingu sem fram kemur í 1. gr. frv.

Sú tilhögun að úthluta veiðiheimildum síðan gefins beint til einstaklinga og útgerðarfélaganna, sem geta ráðskast með þær í eiginhagsmunaskyni, hlýtur hins vegar að vera í mótsögn við yfirlýsinguna um þjóðareign.

Kvinnalistinn hefur lagt fram breytingartillögur við 4.–15. gr. frumvarpsins svo og 17., 18. og 21. gr.

Markmiðið með breytingartillögunum er fyrst og fremst að rjúfa það óeðlilega samband sem nú er á milli skips og veiðiheimildar, að taka tillit til byggðasjónarmiða, að draga úr ofstjórn og miðstýringu, að efla rannsóknir, að hvetja til betri nýtingar og bættar meðferðar sjávarafllans og að búa betur að starfsfólki í sjávarútvegi.

Alþingi, 19. des. 1987.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.